

Búkolla og strákurinn

1. Hvað var margt fólk á bænum í upphafi sögunnar?

- Tvennt
- Þrennt
- Fjórir menn
- Fimm manns

2. Í stað þess að segja „leita að kúnni“ mætti segja:

- leita kýrinnar
- leita af kúnni
- leita kúnnar
- leita leiða

3. Hvað fékk strákurinn áður en hann var sendur til að leita að kúnni?

- Vínarbrauð
- Bakpoka
- Brauð
- Nesti og nýja skó

4. Hvað sagði strákurinn oft „Baulaðu nú, Búkolla mín“?

- Tvisvar
- Þrisvar
- Fjórum sinnum
- Fimm sinnum

5. Hvað merkir orðið „móða“ hér?

- Reykur
- Gufa
- Á
- Raki

6. Nefndu tvennt sem nautið afrekaði.

- Það drakk upp ána og meig síðan á eldinn og slökkti hann
- Það hljóp yfir fjallið
- Það bar stúlkuna á bakinu heim svo hún gæti sótt borinn
- Það baulaði svo hátt að Búkolla heyrði í því

7. Nefndu tvennt sem litla skessan sótti til föður stóru skessunnar.

- Borjárnið og kálfinn
- Nautið og borjárnið
- Nautið og vatnið
- Borjárnið og tröllkarlinn, föður stóru skessunnar

8. Hver urðu endalok skessunnar?

- Hún fór heim til sín og datt þar niður dauð
- Hún druknaði í ánni
- Hún varð að steini
- Hún brann á bálinu

Velvakandi og bræður hans

1. Hvað bendir til að drengirnir hafi verið góðhjarðaðir?

- Þeir léku sér alltaf vel saman
- Þeir hjálpuðu foreldrum sínum við heyskapinn á enginu
- Þeir gáfu gömlu konunni að drekka
- Þeir voru alltaf kurteisir við kennara sína

2. Hvað hét sá bróðirinn sem var duglegur að þríla í klettum?

- Velklettandi
- Velfjallklífandi
- Velberggangandi
- Velbergklifrandi

3. Hvaða hlutverk fengu bræðurnir í konungsgarði?

- Þeir áttu að gæta kóngsdætranna á jólanótt
- Þeir áttu að sjá um búskapinn
- Þeir áttu að verða hestasveinar konungs
- Þeir áttu að sjá til þess að drottningin lenti ekki í tröllahöndum

4. Hve margar dætur höfðu horfið áður en bræðurnir komu til konungsins?

- Ein
- Tvær
- Þrjár
- Fjórar

5. Hvers vegna grét tröllskessan?

- Af því að hún hafði misst höndina
- Af því að tröllkarlinn hafði ekki náð neinni kóngsdóttur í leiðangrinum
- Af því að tröllkarlinn hafði misst höndina
- Af því að ein kóngsdóttirin var með anorexíu

6. Hvers vegna hafði feita kóngsdóttirin fengið meira en nóg að borða?

- Tröllin áttu nægan mat
- Hún bað um allan þennan mat
- Tröll eru aldrei nísk á mat
- Hún átti að vera í jólmatinn hjá tröllunum

7. „Var önnur þeirra dável feit en hin skinhoruð.“ Hvaða stílbragði er hér beitt?

- Hliðstæðum
- Andstæðum
- Ýkjum
- Úrdrætti

Tröllin á Vestfjörðum

1. Milli hvaða fjarða átti sunnið að liggja?

- Gilsfjarðar og Hvammsfjarðar
- Gilsfjarðar og Kollafjarðar
- Kollafjarðar og Hvammsfjarðar
- Gilsfjarðar og Bitrufjarðar

2. Inn úr hvaða firði gengur Gilsfjörður?

- Breiðafirði
- Húnaflóa
- Hvammsfirði
- Steingrímsfirði

3. Inn úr hvaða firði gengur sá Kollafjörður sem minnst er á í sögunni?

- Breiðafirði
- Húnaflóa
- Steingrímsfirði
- Hvammsfirði

4. Inn úr Faxaflóa og úti fyrir Norðurlandi eru eftirtalin tvö örnefni alþekkt:

- Gilsfjörður og Papey
- Húnaflói og Vestmannaeyjar
- Hrútafjörður og Viðey
- Kollafjörður og Grímsey

5. Á hvaða tíma sólarhringsins voru tröllin við moksturinn?

- Um nótt
- Um miðjan dag
- Að morgni dags
- Upp úr hádegi

6. Hvernig myndaðist Grímsey á Steingrímsfirði?

- Við uppgröft úr Steingrímsfirði
- Við uppgröft úr Kollafirði
- Við hrun úr fjalli
- Við uppgröft úr Gilsfirði

7. Hvaða fyrirbæri í náttúrunni heitir Uxi?

- Eyja á Steingrímsfirði
- Klettur á eyju á Steingrímsfirði
- Stærsta eyjan á Breiðafirði
- Fjall við Steingrímsfjörð

Upptök Drangeyjar

1. Hvar bjuggu karlinn og kerlingin í sögunni?

- Í Þórðarhöfða.
- Í Tindastól.
- Í Drangey.

2. Vika sjóar er

- Eyjaklasi.
- Skerjagarður.
- Vegalengd.

3. Þegar talað er um að kýr sé yxna er átt við að hún sé....

- að dauða komin.
- mannýg.
- viljug til eðlunar.

4. Í sögunni er talað um að nátttröllin hafi dagað uppi. Er þá átt við að...

- þau hafi dáðið úr elli.
- að þau hafi orðið að steini við að fá á sig sól.
- að þau hafi drukknað.

5. Hver varð að Drangey?

- Karlinn.
- Kerlingin.
- Kýrin.

6. Hvert þurftu tröllin að fara til að komast með kúna í nautið?

- Til Málmeyjar
- Til Drangeyjar
- Í Tindastól
- Til Sauðárkróks

7. Hvað þurftu tröllin að fara langa leið til að komast til nautsins?

- Tvær vikur sjávar (um 8 km)
- Þrjár vikur sjávar (um 12 km)
- Fjórar vikur sjávar (um 16 km)
- Fimm vikur sjávar (um 20 km)

Gilitrutt

1. Hvar gerist sagan?

- Í Eyjafirði.
- Undir Eyjafjöllum.
- Á Vestfjörðum.

2. Hver var helsti lösturinn á húsfreyju?

- Hún var svo hávær.
- Hún var svo löt.
- Hún var svo skemmtanafíkin.

3. Hvað bauðst Gilitrutt til að vinna fyrir húsfreyju?

- Að stunda sjóróðra.
- Að annast allar mjaltir.
- Að vinna ull til voðmála.

4. Hvenær átti konan að skila vinnu sinni?

- Fyrsta dag í aðventu.
- Fyrsta vetrardag.
- Sumardaginn fyrsta.

5. Hvaða launa krafðist Gilitrutt fyrir vinnu sína?

- Að húsfreyja segði rétt nafn hennar í þriðju tilraun.
- Þrjú hundruð silfurs.
- Að hún fengi frumburð hennar.

6. Hver er munurinn á orðunum að kvænast og giftast?

- Fólk sem kvænist er ekki endilega gift af presti.
- Orðið að kvænast á heldur við um karla en giftast um konur.
- Gifting getur átt við um óvígða sambúð.

7. Hvers konar búskap stundaði bóndinn?

- Hrossabúskap
- Sauðfjár búskap
- Kúabúskap
- Minkarækt

8. Það má segja um húsfreyju að hún...

- hafi haft vit fyrir bónda sínum
- hafi alltaf verið iðusöm og stjórnsöm
- hafi verið duglaus og dáðlaus alla tíð
- hafi eitt sinn lofað upp í ermina á sér

Suðurferða-Ásmundur

1. Hvað merkir orðið „æ“ í setningunni ...og voru æ sömu menn með honum.

- Aldrei.
- Alltaf.
- Stundum.

2. Hvaðan var Ásmundur ættaður?

- Hann var af eyfirskum ættum.
- Hann var að sunnan.
- Hann var af skagfirskum ættum.

3. Hvar var Ásmundur þegar hann veiktist?

- Í Eyjafirði.
- Í Hrútafirði.
- Í Skagafirði.

4. Til hvaða ráðs greip Ásmundur er hann lenti í hríðinni?

- Hann gróf sig í fönn.
- Hann sneri tilbaka.
- Hann fór með faðirvorið.

5. Hvaða tvo kosti gaf útilegumaðurinn Ásmundi?

- Að fylgja sér eða deyja þar í skaflinum.
- Að berjast við sig upp á líf og dauða eða koma með góðu.
- Að fylgja sér eða halda áfram för sinni suður.

6. Hvað var óvenjulegt við dalverpið sem maðurinn fór með hann í?

- Á rann eftir því og var snjólaust öðrum megin, en snjór hinum megin.
- Þar var sól og blíða um hávetur.
- Þar uxu suðrænar plöntur.

7. Hvað varð til þess að maðurinn gerðist útilegumaður?

- Hann varð manni að bana.
- Hann eignaðist barn með systur sinni.
- Hann varð uppvís að sauðarþjófnaði.

8. Hvað bað maðurinn Ásmund að gera fyrir sig?

- Að giftast dóttur sinni.
- Að sjá um allan búskap fyrir sig þar sem hann væri orðinn of gamall.
- Að standa fyrir sig gegn útilegumönnunum hinum megin árinna.

9. Hvers vegna varð Ásmundur eftir í Hrútafirði þegar félagar hans héldu á heiðina?

- Hann dreymdi illa
- Hann veiktist
- Hann fékk hugskeyti
- Hann hitti stúlku sem hann vildi kynnst betur

10. Hvað var eyfirska stúlkan marga heila vetur á heimili dóttur útileguhjónanna?

- Einn vetur
- Tvo vetur
- Þrjá vetur
- Fjóra vetur

11. Hvaðan var maðurinn sem eyfirska stúlkan giftist?

- Úr Eyjafirði
- Úr Húnavatnssýslu
- Úr Skagafirði
- Af Vestfjörðum

Draugssonurinn

1. Hvað barna átti presturinn?

- Einn son.
- Eina dóttur.
- Dóttur og son.

2. Af hverju neitaði presturinn manninum um hönd dóttur sinnar?

- Honum líkaði ekki maðurinn og þótti stúlkan of ung.
- Hann mátti ekki missa starfskrafta dóttur sinnar af heimilinu.
- Maðurinn var ekki nógu ríkur.

3. Hvernig brást maðurinn við neituninni?

- Hann sagðist ætla að komast yfir hana lifandi eða dauður.
- Hann lét sér það í léttu rúmi liggja.
- Hann hótaði að drepa prestinn.

4. Hvernig fékk vinnumaðurinn upplýsingarnar um framtíð sína og son afturgöngunnar?

- Hann meinaði draugnum að komast aftur í gröf sína nema hann segði sér það sem hann vissi.
- Hann hélt draugsa föstum og neyddi upplýsingarnar upp úr honum.
- Hann lá á hleri og heyrði drauginn tala við sjálfan sig.

5. Hvað var það eina sem eftir var af syninum þegar vinnumaðurinn hafði rekið hann í gegn?

- Höfuðið.
- Hjartað og augun.
- Vinstra herðablaðið og blóðlifur.

6. Hvers konar saga er þetta?

- Álfasaga.
- Draugasaga.
- Útilegumannasaga.

7. Vinnumaður telur sig vita að gesturinn sé sá sami og maðurinn sem áður bað prestsdóttur. Hann (vinnumaðurinn) verður var við hreyfingu í rúmi stúlkunnar og minnst þess að...

- presturinn var ekki hrifinn af ókennda manninum
- presturinn hafði sagst ætla að drepa gestinn
- ókenndi maðurinn hafði sagst mundu komast yfir prestsdóttur lifandi eða dauður
- ókenndi maðurinn hafði verið undarlegur á svipinn

8. Hvað má gera ráð fyrir að vinnumaður hafi þurft að bíða lengi eftir að fá prestsdóttur fyrir eiginkonu?

- Um það bil 10 ár
- Um það bil 25 ár
- Um það bil 40 ár
- Um það bil 45 ár

Átján barna faðir í Álfheimum

1. Hvar var hitt heimilisfólkið þegar barnið hvarf?

- Á engjum við heyskap
- Að tína fjallagrös
- Í kaupstaðarferð
- Í sólarlandaferð

2. Hvað var húsfreyja að gera þegar barnið hvarf?

- Hún var í andlitssnyrtingu
- Hún var að mjólka kýrnar
- Hún var í eldhúsinu
- Hún var að þvo mjólkurílátin

3. Eitt af því sem einkenndi hegðun barnsins eftir breytinguna var að

- það var alltaf í tölvuleikjum
- það vildi vera með fólkinu í heyskapnum
- það mælti ekki orð frá munni
- það var orðið mjög þægt og þýðlynt

4. Grannkonan varpaði fram þeirri spurningu hvort barnið

- gæti verið komið í vandan félagsskap
- væri umskiptingur
- væri farið að læra að draga til stafs
- hefði fengið of strangt uppeldi

5. Þegar húsfreyja hafði komið höldupottinum fyrir...

- flýtti hún sér út úr bænum
- slakaði hún vel á yfir kaffibolla
- sótti hún drenginn og setti hann á eldhúsgólfið
- hringdi hún í álfkonuna og bað hana að standa með sér á hleri

6. Sveinbarnið sem álfkonan kom með á meðan húsfreyja vað að þvo ílátin ...

- var í rauninni sonur húsfreyjunnar
- var í rauninni eiginmaður hennar
- var sonur álfkonunnar
- var tvíburabróðir hins drengsins

7. Sagan endar þannig að ...

- álfkonan fær barnið sem hún elskaði
- húsfreyja fær bónda sinn aftur
- húsfreyja fær son sinn aftur
- grannkonan fer í fýlu